


Uppsetning á vegg- og gólfmáti

Upplýsingar fyrir húsbýggjendur

- Gildir fyrir: Einbýlis- og raðhús, minni fjölbýlishús og sambærilegt húsnæði allt að 3000 m².
- Meginreglur:
 - Á við um heimlagin í Reykjavík, á Akranesi og í þeim sveitafélögum á veituvæðri Orkuveitunnar þar sem samstarf er við önnur veitufyrirtæki.
 - Heitavatsheimæðar verða lagðar í plasti.
 - Allar lagin veitunnar verða dregnar í ídráttarrör frá lóðarmörkum að tengistað innanhúss.
 - Skápar Orkuveitunnar innihalda nauðsynlegan afhendingarþúnað, inntaksgrindur fyrir heitt og kalt vatn og rafmagnsskápurinn inniheldur aðalrofa, mæli og tengibreiti sem rafverktaki tengir frá.

Stærðir skápa:	Rafmagnsskápur	Vatns- og hitaveituskápur
Hæð:	824 mm	950 mm
Breidd:	324 mm	1050 mm
Dýpt:	140 mm	215 mm
 - Orkuveitan setur upp inntaksskáp og leggur til ídráttarrör frá lóðarmörkum að húsvegg.




Veggmat

Helstu mál:
Hæð: 93 cm
Breidd: 29 cm
Dýpt: 19,5 cm

Stútar:

- Stútar fyrir húseigendur (50 mm t.d. snjóbræðsla og lóðalýsing.)
- Sími (50 mm)
- Ídráttarrör OR (50 mm)
- Rafmagn (50 mm)
- Heitt vatn: Bakrennslí (110 mm)
- Heitt vatn: Framrennslí (110 mm)
- Vatnsveita (75 mm)



Gólfmat

Helstu mál:
Hæð: 25 cm
Breidd: 14 cm
Dýpt: 151 cm

Varðandi gólfmat:
Stúta nr. 1 má fjarlægja ef rými fyrir gólfmat er ekki nægjanlegt.

Efnislisti:

Veggmat: 1 stykki
Gólfmat: 1 stykki
90° Beygja 50 mm (**): 6 stykki
90° Beygja 75 mm (*): 1 stykki
90° Beygja 110 mm (*): 2 stykki
Lok 100 mm: 2 stykki
Lok 70 mm: 1 stykki
Lok 50 mm: 6 stykki

15° Beygja 50 mm (**): 4 stykki
15° Beygja 110 mm (**): 2 stykki

(*) Beygjuradius á 110 mm og 75 mm beygjum er 70 cm
(**) Beygjuradius á 50 mm beygju er 50 cm
(***) 15° Beygjur eru til hagræðingar ef með þarf

D: Sökkull er breiðari en veggur

Þegar sökkull er breiðari en innveggur þarf að setja þynningu í sökkulvegginn til þess að koma veggmatinu fyrir.

Ef gólfmat er 2 m frá veggmati eða nær þá verður þynningin að ná frá útvegg að enda gólfmáts.


ATH: Þynningin verður að vera það djúp að gólfmat falli alveg upp að innvegg.

Ef gólfmat er lengra en 2 m frá veggmati þá er hægt að færa veggmat við hlöðina á sökkulvegg og gera þynningu fyrir gólfmat í sökkulvegg.


ATH: Þynningin verður að vera það djúp að gólfmat falli alveg upp að innvegg og það breið að beygja á ídráttarrörum verði ekki of kröpp.

- Þynning tekin í sökkulvegg. Þynningin er tekin alveg út fyrir útvegg. Veggmati komið fyrir í þynningu sökkulveggjar.

- Þynning tekin í hluta af sökkulvegg. Þynningin verður að ná það langt frá gólfmati að ekki verði erfitt að koma ídráttarbeygjum fyrir. Veggmat er sett við hlöð sökkulveggjar.



<2 m (Frá ófrágengnum útvegg að innri enda gólfmáts)



>2 m (Frá ófrágengnum útvegg að innri enda gólfmáts)

Ýmis atriði


Öll ídráttarrör eru úr PVC plasti. Leyfilegt er að nota PP rör til framlengingar. Nota skal tilbúin ídráttarbeygjur með viðeigandi beygjuradius, annars verður ídráttur í rörin erfiður. Ekki er leyfilegt að nota barka fyrir beygjur.

Ástæðan fyrir ströngum kröfum á ídráttarrörum og beygjum er sú að erfitt getur verið að draga lagin í ídráttarrör ef ekki er notað rétt efni og gengið rétt frá ídráttarrörum og beygjum. Innra þvermál ídráttarröra fyrir hitaveitu er 104 mm og ytra þvermál PEX hitaveitulagna er 76 mm. Innra þvermál ídráttarröra fyrir vatnsveitu er 69 mm og ytra þvermál vatnsveitulagna er allt að 40 mm. Þess vegna er mjög mikilvægt að gólfmat, veggmat og ídráttarrör séu rétt lögð.



Frekari upplýsingar varðandi Allar veitur - ein tenging má finna á heimasíðu Orkuveitunnar.

Eftirlitsmaður á vegum Orkuveitunnar tekur út uppsetningu máta og afhendir húseiganda úttektarseðil ef uppsetningin er í lagi. Einnig leiðbeinir eftirlitsmaður húsbýggjendum með uppsetningu máta ef óskað er eftir því.

Afsláttur af heimaugagjaldi er einungis veittur gegn framvisun úttektarseðils eftirlitsmanns Orkuveitunnar.

 Sambýkka barn
23 MAÍ 2007

Byggingafultrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

 10/2 

Breytingar			Kvistavellir 11. Hafnarf.
Nr.	Dags.	Nafn	
			Tækniþjónusta Ragnars G. Gunnarssonar ehf. Smíðjuvegi 11 s: 5445350 ragnargg@simnet.is
			Mkv. <input type="checkbox"/>
			Inntak veitukerfa. Uppsetning gólfmáta
			Nr. 5
			Dags. 10.02.07
			kt.: 110947-2839